

Minnisblað

Efni: Svar til fulltrúa Vinstri Grænna og Samfylkingar vegna fyrirspurnar um mataráskrift í grunnskólum Hafnarfjarðar

Hver hefur verið þróunin í mataráskrift sl. 2 ár?

Þróun áskriftar sveiflast alltaf eitthvað á skólaárinu. Veturinn 2014-2015 var meðaláskrift rétt um 70% þá var Hraunvallaskóli og Skarðshlíðarskóli ekki inni hjá verktaka. Veturinn 2015-2016 var Skólamatur að klára sitt tímabil með 70% áskrift. Haustið 2016 tók Iss við verkefninu og fór nokkuð vel af stað og um áramót 2016-2017 þá voru þeirra áskriftartölur komnar í 75%. Í mars 2017 voru áskriftartölur 83%. Í september 2017 í upphafi skólaárs var áskriftin komin í 54%. Skólamatur tekur síðan við verkefninu 31. 10. 2017 eins og fram hefur komið og er staða áskriftar í dag 76 % og er að aukast á milli mánaða að sögn verktaka.

Hversu mörg börn nýta sér ekki mataráskriftina í dag?

Fjöldi barna í febrúar sem ekki nýta sér mataráskrift er 850 sem er tæplega 30% af þeim fjölda barna sem býðst mataráskrift í grunnskólum Hafnarfjarðar frá Skólamat. Tölulegar upplýsingar um fjölda barna í mataráskrift í Áslandsskóla lágu ekki fyrir við samantekt á þessum upplýsingum.

Hvað eru margir foreldrar á vanskilaskrá og hver er heildarupphæðin?

Hlutfall foreldra sem eru í vanskilum vegna mataráskriftar hjá Skólamat er 0,7% að heildarupphæð 358.825 kr.

Erum við að meina börnum um mat ef að foreldrar geta ekki borgað?

Það er fastmótað verkferli sem unnið er eftir hjá verktaka og er það unnið mjög náið með skólastjórnendum. Tuttugu og þrjár áskriftir eru á vanskilaskrá og eru í vinnslu. Reynsla verktaka er sú að það muni allt skila sér. Skriflegu ferlar Skólamatar eru eftirfarandi:

Úr áskriftaskilmálum:

Áskrift ber að greiða í upphafi áskriftartímabils. Gjald dagi greiðslukrafna er 1. dagur áskriftarmánaðar og eindagi 5 dögum síðar. Reikningar teljast samþykktir nema gerðar séu sannanlegar athugasemdir eigi síðar en 7 dögum eftir upphaf áskriftartímabils.



HAFNARFJÖRÐUR

Ef valið er að fá greiðsluseðil sendan í pósti leggjast kr. 322 á kröfuna. Ekkert greiðslugjald leggst á seðillausar greiðslukröfur sem birtast aðeins í heimabanka/netbanka. Ekkert auka gjald er lagt á ef greitt er með greiðslukorti. Ef ekki er heimild á greiðslukorti verður sendur greiðsluseðill á skráðan greiðanda. Ítrekun er send í pósti 7 dögum eftir eindaga, þá leggst einnig á kostnaður vegna innheimtubrýfs kr. 950.

Hafi greiðsla ekki borist fyrir mataráskrift innan umsamins greiðslufrests er heimilt að hætta afgreiðslu skólamáltíða. Ef slíkt kemur upp og skuld er svo greidd á áskriftartímabili eftir að afgreiðslu skólamáltíða var hætt verður opnað fyrir áskrift án tilkynningar nema ef skrifleg uppsögn hefur borist á undan. Ef skuld er hins vegar greidd eftir að áskriftartímabili líkur þarf að sækja um áskrift að nýju. Skal þá senda tölvupóst á skolamatur@skolamatur.is.

Verklag við innheimtu er þannig:

- Eftir eindaga er greiðanda sendur tölvupóstur með áminningu um ógreidda kröfu.
 - Dæmi um texta:
Kæri viðskiptavinur,
Við vildum bara minna létt á að samkvæmt okkar bókhaldi eigið þið ógreidda greiðslukröfu vegna skólamáltíða nú í febrúar.
Endilega kíkið á það.
Ef skuldin hefur þegar verið greidd biðjumst við velvirðingar.
- 7 dögum eftir er send skrifleg ítrekun
- Mánuði eftir eindaga, þegar 2 gjalddagar eru ógreiddir er sendur tölvupóstur með greiðsluáskorun.
 - Dæmi um texta:
Kæri viðskiptavinur,
Samkvæmt okkar gögnum er eldri greiðslukrafa vegna skólamáltíða í vanskilum. Vinsamlegast greiðið vanskil eða semjið um greiðslur.
Verði skuldin ekki greidd eða um hana samið mun afgreiðslu skólamáltíða verða hætt þriðjudaginn 13. febrúar.
Ef skuldin hefur þegar verið greidd biðjumst við velvirðingar, en biðjum ykkur jafnframt um að hafa samband svo leiðrétta megi okkar gögn.
- Allar innheimtuaðgerðir miða að því að koma fram af nærgætni og bjóða upp á greiðslusamninga.
- Skólastjórnendur eru upplýstir um ef loka á mataráskrift. Þeim er gefin kostur á að bregðast við, t.d. með aðkomu félagsþjónustu.

Tekið saman af: Fanney Dóróthe Halldórsdóttir
Sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar